
Frá: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>

Sent: miðvikudagur, 16. september 2020 08:35

Til: 'kjos@kjos.is'; 'kopavogur@kopavogur.is'; 'skipulag@kopavogur.is'; 'hafnarfjordur@hafnarfjordur.is'; 'mos@mos.is'; 'postur@seltjarnarnes.is'; 'gardabaer@gardabaer.is'; 'ssh@ssh.is'; 'olfus@olfus.is'; 'blaskogabyggd@blaskogabyggd.is'; 'hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is'; 'vegagerdin@vegagerdin.is' <vegagerdin@vegagerdin.is>; jon@ssh.is; ssh@ssh.is; 'postur@minjastofnun.is' <postur@minjastofnun.is>; Guðbrandur Benediktsson <gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; Anna Lía Guðmundsdóttir <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; 'veitur@veitur.is' <veitur@veitur.is>; 'office@vedur.is' <office@vedur.is>; SFS <sfs@reykjavik.is>; samgongustofa@samgongustofa.is; ust@ust.is; Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; Gréta Mar Jósepsdóttir <Greta.Mar.Josepsdottir@reykjavik.is>; Helgi Grímsson <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; hafogvatn@hafogvatn.is; os@os.is; ni@ni.is; Íbúaráð Vesturbær <ibuarad.vesturbaer@reykjavik.is>; ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com; ingunn.loftsdottir@isavia.is; prydifelagidskjoldur@gmail.com; shs@shs.is
Afrit: Helena Stefánsdóttir <Helena.Stefansdottir@reykjavik.is>; Björn Axelsson <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; Þuríður Guðmundsdóttir <Thuridur.Gudmundsdottir@reykjavik.is>

Efni: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafin er auglýsing á neðangreindri aðalskipulagsbreytingu:

Nýi Skerjafjörður
Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun
og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingartillagan nær til landsvæðis vestan núverandi íbúðarbyggðar í Skerjafirði og varðar meðal annars breytta landnotkun, fjölgun íbúða, breytta legu stíga og breytt umfang fyrirhugaðrar landfyllingar. Deiliskipulag 1. áfanga uppbyggingar á svæðinu er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Tillagan er einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 31. ágúst 2020.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b. Tillöguna má nálgast á reykjavik.is og aðalskipulag.is

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 28. október 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)
Deildarstjóri aðalskipulags
Umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar

Sent til:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
Kópavogsbær
Garðabær
Hafnarfjarðarkaupstaður
Seltjarnarneskaupstaður
Mosfellsbær
Kjósarhreppur
Önnur nágrannasveitarfélög
Umhverfisstofnun
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Minjastofnun Íslands
Vegagerðin
Samgöngustofa
Isavia
Náttúrufræðistofnun
Hafrannsóknarstofnun
Orkustofnun
Veðurstofan
Veitur
Borgarsögusafn
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skóla-og frístundasvið/ráð
Skóla-og frístundasvið
Umhverfis- og heilbrigðisráð
Íbúaráð Vesturbæjar
Íbúasamtök Vesturbæjar
Íbúasamtök Skerjafjarðar - Prýðisfélagið Skjöldur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafjörður.

Umsögn skrifstofu umhverfisgæða fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur sinnir hlutverki náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins. Samkvæmt 14. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er hlutverk náttúruverndarnefndar að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál og m.a. fjalla um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur ef þarf. Eitt sértækt hlutverk náttúruverndarnefndar er skilgreint í 68. grein laganna sem fjallar um gerð skipulagsáætlana. Þar segir að náttúruverndarnefnd eigi að veita umsögn um gerð aðalskipulagsáætlana og/eða verulegar breytingar á þeim.

Reykjavíkurborg hefur nú lagt fram til kynningar drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem fjallar um breytta landnotkun og breytingar á byggingarmagni, umferðartengingum og umfangi landfyllingar í Nýja Skerjafirði.

Tilgangur breytingarinnar er að uppfæra gildandi aðalskipulag í takti við samþykkt rammaskipulag um íbúðabyggð í Nýja Skerjafirði og tryggja að verðandi deiliskipulagsáfangar séu í takt við skilmála aðalskipulags. Megin atriði breytingartillögunnar eru fjögur:

- a) Að minnka leyfða landfyllingu og aðlaga henni að náttúrulegri strönd í takt við tillögu í rammaskipulaginu.
- b) Að færa skilgreinda skólalóð sunnar, nær ströndinni.
- c) Að stækka íbúðarbyggð á kostnað miðsvæða, sem felur í sér fjölgun íbúða sem skapar grundvöll að sjálfstæðu skólahverfi.
- d) Að afmarka nánar grænan ás og þrengja hann að hluta.

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs þann 25. nóvember síðastliðinn var breytingin kynnt og í kjölfarið óskað eftir umsögn skrifstofu umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði og fylgir hún hér.

Umsögn skrifstofu umhverfisgæða

Stærsta viðfangsefni breytingarinnar er minnkun og nánari útfærsla á lögun og eðli landfyllingar. Í gildandi aðalskipulagi er leyfi fyrir allt að 6,6 hektara landfyllingu og lögun hennar ekki útfærð sérstaklega en á uppdrætti má þó túlka sem svo að gert sé ráð fyrir hefðbundnum, upphlöðnum, bröttum og beinum kanti. Í breytingartillögunni er landfyllingin minnkuð niður í 4,3 hektara að hámarksstærð og lögun hennar skilgreind þannig að hún geti aðlagast að náttúrulegu umhverfi.

Fjörur og grunnsævi Skerjafjarðar eru merk náttúrusvæði með hátt verndargildi og hefur Skerjafjörður m.a. verið tilnefndur á náttúruverndaráætlanir og á verðandi framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Það er því mjög jákvætt að mati skrifstofu umhverfisgæða að ákveðið hefur verið að minnka leyfða landfyllingu um þriðjung eða svo. Einnig er það gott skref að stefnt sé að því að hanna hana og útfæra þannig að hún falli betur að náttúrulegu landslagi.

Það er þó ljóst að m.a.s. smækkuð landfylling veldur raski á lítt röskuðum leirum, sandfjörum og þangfjörum með hátt verndargildi. Í mati á umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar eru þessi neikvæðu áhrif tilgreind með tilliti til áhrifa á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni.



Nú er yfirstandandi mat á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmd þessarar landfyllingar og hefur matsáætlun þegar verið auglýst. Umhverfismatið er yfirstandandi og á eftir að koma í ljós hver áætlun umhverfisáhrif af fyllingunni eru. Meðal annars er verið að leggja mat á möguleg áhrif á fuglalíf og mikilvæg fjöruvistkerfi, einnig á straumafar o.fl. Þá er verið að skoða hvernig útfærslur á hönnun landfyllingar geta virkað sem mikilvægar mótvægisáðgerðir og væntingar standa um að hægt verði að endurheimta hluta fjörubúsvæða með tímanum.

Í umsögn skrifstofu umhverfisgæða fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs um matsáætlunina til Skipulagsstofnunar þann 25. september síðastliðinn segir m.a. „*Umhverfis- og skipulagssvið er mjög meðvitað um möguleg umhverfisáhrif framkvæmdar af þessum toga, umfangi og á þessum stað. Þess vegna er það nauðsynlegt að mati umhverfis- og skipulagssviðs að stuðst sé við eins fullkomna þekkingu um umhverfisáhrif eins og hægt er og að áform um mótvægisáðgerðir séu ítarlega ígrundaðar, áður en lokaákvörðun er tekin um framkvæmdina í vinnu við deiliskipulag svæðisins.*„ Skrifstofa umhverfisgæða er til ráðgjafar við framkvæmd umhverfismatsins og verður umhverfis- og heilbrigðisráð reglulega upplýst um framvindu þess.

Fagstofnanir á sviði náttúruverndar og þekkingar á náttúrufari eins og Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hafa gert verulegar athugasemdir við landfyllinguna m.a. í umsögnum sínum um þessa aðalskipulagsbreytingu. Það verður mjög mikilvægt að mati skrifstofu umhverfisgæða að sjá álit þeirra á innihaldi frummatsskýrslu, ekki síst á mótvægisáðgerðum sem þar verða kynntar. Enn eiga því ýmis vötn eftir að renna til sjávar varðandi endanlega niðurstöðu um landfyllinguna. Í aðalskipulagsbreytingunni kemur fram að þar sem „*verið er að draga úr umfangi þeirrar landfyllingar sem sýnd er á gildandi aðalskipulagi, er talið forsvaranlegt að halda skipulagsferlinu og umræddu umhverfismatsferli aðskildu. Það er hinsvegar ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar*“. Skrifstofa umhverfisgæða telur þetta vera ásættanlega ákvörðun að svo stöddu þar sem síðari breytingar á landfyllingu eru sannarlega mögulegar ef ástæða þykir.

Þá má geta þess að skrifstofa umhverfisgæða er að leggja lokahönd á útfærðar tillögur að friðlýsingum mikilvægra strandsvæða í borginni og þar með talið eru svæði í Skerjafirði. Þær tillögur verða kynntar og lagðar fram til samþykkis í helstu ráðum borgarinnar er málið varðar, og fyrst í umhverfis- og heilbrigðisráði. Slíkar verndaraðgerðir, ef þær verða að veruleika, sem fela í sér öfluga og varanlega verndun á mikilvægri náttúru geta vegið þungt sem mótvægi við mögulega röskun vegna landfyllinga í borginni.

Varðandi önnur viðfangsefni breytingarinnar vill skrifstofa umhverfisgæða áréttu mikilvægi þess að haldið sé í einkennandi áherslur rammaskipulags um græn rými innan íbúðarbyggðar og þeim ekki fórnað úr hófi fram vegna kröfu um meiri byggingarmagn. Þrengja á mikilvægan grænan ás að hluta og er mikilvægt að reynt sé að bæta það upp með einhverju móti t.d. með því að festa í sessi í deiliskipulagi græna innviði víðar í hverfinu. Skipulag og hönnun útivistarsvæða, ekki síst á væntanlegri landfyllingu mun skipta miklu máli og vonast skrifstofan eftir góðu samráði við skipulagsyfirdöld um útfærslur í deiliskipulagi. Breyting á staðsetningu skólalóðar þykir ágæt, enda ýmsir kostir fyrir skólastarf að vera nálægt hafinu og náttúrusvæðum Skerjafjarðar.

f.h. skrifstofu umhverfisgæða,

Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri á deild náttúru og garða.